

LISTIR



Flug kríunnar á sýningu Ingu Svölu Þórsdóttur í Hafnarhúsi.

Flug kríunnar

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur,
Hafnarhús

BLÖNDUÐ TÆKNI, INGA SVALA
ÞÓRSDÓTTIR

Til 19. janúar 2003. Hafnarhúsið er opið
alla daga vikunnar frá kl. 11–17 og lengur
á fimmtudögum, til kl. 18.

LIST Ingu Svölu Þórsdóttur (1966) hefur á síðustu árum vakið nokkra athygli. Hún var við nám í MHÍ 1987-1991 og síðan lá leið hennar til Pýskalands þar sem hún nam við listaháskóla Hamborgar í fjögur ár. Inga Svala er enn búsett í Hamborg og kennir nú við þennan sama skóla. Hún hefur tekið þátt í fjölda samsýninga víða um lönd og haldið einkasýningar hér heima og erlendis. Listrænt fyrirtæki hennar, Duftunarfyrirtæki Þórsdóttur, vakti nokkra athygli þegar 1994 er hún hóf að dufta allt milli himins og jarðar og sýndi afraksturinn í krukum. Grænmetissýning hennar og Wu Shan Zhuan vakti einnig nokkra athygli hérlendis 1998. Nú er Inga komin aftur, með sýninguna Borg er byggir á ímynduðu borgarskipulagi á Borg á Mýrum.

Listin snýst oft um að birta hugsanlegan og kannski betri heim. Dæmi frá 16. öld er bók Thomas Moore, Utopía, þar sem hann lýsir fullkomnum heimi, að sínu mati. Listamenn hafa á mismunandi vegu sýnt eitthvað sem nálgast fullkomnun. Augnablikin sem Vermeer birtir á málverkum sínum komast nokkuð nærri. Malarinn Rothko sóttist eftir að sýna eitthvað álíka en á allt annan hátt. Fyrir Yves Klein var blái liturinn fullkominn. Þannig mætti halda áfram. Listhreyfingar á 20. öld sóttust eftir að sýna eða skapa betri heim, fútúristarnir, súrrealistarnir, dadaistarnir. Situationistunum í Frakklandi var sérlega umhugað um einmitt borgarskipulag og almennt um hegðun einstaklingsins í borgarumhverfi og rituðu margt um þetta efni. Ýmsir listamenn hafa á síðustu áratugum komið fram með hugmyndir sem varða borgarskipulag, þar má nefna hollenska listamanninn John Kormeling og Belgann Luc Deleu en auk þeirra láta nú ýmsir hópar listamanna skipulagsmál sig einhverju varða. Sem dæmi um slíkan hóp er Park Fiction verkefnið í Hamborg sem var kynnt á Dokumenta sýningunni í Kassel í sumar. Þar er þó um raunverulegt verkefni að ræða, almenningsgarð í Hamborg, samvinnuverkefni listamanna, borgarbúa og borgarskipulags. Ég held nú ekki að markmið Ingu Svölu sé að sjá hugmyndir sínar verða að veruleika heldur notar hún tungumál myndlistarinnar til að koma hugmyndum sínum á framfæri, hugmyndum sem ef til vill verða öðrum innblástur eða umhugsunarefni. Í sýningarskrá segir hún að Borg sé „hugmynd að borgarskipulagi sem ég tel að geti gagnast Íslandi og Íslendingum“.

Ef litið er til baka yfir verk Ingu Svölu sl. tíu ár má sjá að hún hefur allt frá duftunarverkefni sínu til dagsins í dag fengist við að greina veruleikann og skrá greininguna án þess að gleyma þætti hins óræða. Verk hennar spretta upp af hugmyndum sem síðan kristallast í ýmsum efnum, hún sérhæfir sig ekki í einum ákveðnum miðli. Umgjörðin sem hún skapar verkum sínum hér er því mjög ákjósanleg fyrir vinnubrögð af þessum toga og í raun rökrétt framhald af fyrri verkum þó ramminn sé annar. Innan ramma ímyndaðs borgarskipulags hefur hún frjálsar hendur með hugmyndir og efnivið og öll verkin falla fyrirhafnarlaut innan rammans. Þessi umgjörð setur henni engar skorður því hún er myndlistarkona, ekki skipulagsfræðingur, tungumál hennar er myndlistin og innan hennar rúmast allt sem við viljum.

Á sýningunni í Hafnarhúsi gefur að líta drög að skipulagi milljón íbúa borgar. Hugmyndirnar fjalla um þarfir stórborgarbúa og það hvernig hægt væri að skapa líf í borg í samhljómi við náttúruna, í anda umhverfisverndar. Verkin á sýningunni eru mjög mismunandi og skapa engan sterkan heildarblæ, frekar er eins og út frá hverju verki um sig gætu sprottið ótal önnur verk sem færu í mismunandi áttir. Inga Svala er frjó í hugsun og setur fram ýmsar hugmyndir hvað varðar samgöngur, byggingarlag sem tekur mið af náttúrunni, mikilvægi birtu og myrkurs, auk þess að vitna til landnáms Íslands og hún vísar á sinn hátt til fornra og dýrslegra síða við að helga sér svæði. Best finnst mér henni takast upp þegar verkin eru sem allra einföldust, eins og veggverkið með neonteikningum af kríum. Í því sé ég endurspeglast sterkan draum um frelsi og rými en um leið minnir neonið á nútímann. Þetta verk lifir sterkast í huga mér og verður mér leiðarljós um það sem gæti verið markmið skipulagsins. Upplýsingagildi myndlistar felst jú ekki í orðum eða skrásetningum heldur til dæmis lit eða efni. Mér sýnist þessi hugmynd um borgarskipulag vera upphafið að nýju tímabili í list Ingu Svölu en gæti líka ímyndað mér að það kæmi að því að hún sprengdi umgjörðina og gæfi verkum sínum frelsi.

Inga Svala hugsar sér einnig að fleiri listamenn geti tekið þátt í sköpun Borgar og við opnun sýningarinnar sýndi þýska listakonan Annette Wehrmann fyrstu verkin á því sviði. Sýning hennar var nokkra daga uppi í SÍM húsinu í Hafnarstræti. Þar sem þar er ekki um eiginlegan sýningarsal að ræða var hún tekin niður eftir örfáa daga en án efa hafa einhverjir náð að sjá hana. Hún fjallaði um nauðsyn gagn-staðar og andhverfu skipulags og var góð viðbót við sýningu Ingu Svölu, án efa eiga fleiri listamenn eftir að bæta við hugmyndirnar um borgarskipulag síðar.

Sýning sem þessi gæti fallið í þá

gryfju að vísa í sífellu annað, út á við, en Inga Svala nær að skapa andrúmsloft á sýningunni líka, hún verður staður út af fyrir sig. Hér verður ekki farið út í að lýsa nánar hverju verki út af fyrir sig en fólk hvatt til að líta við í Hafnarhúsinu og kynna sér hugmyndir um nýja Borg.

Ragna Sigurðardóttir

Fjör í snjónum - um jólin

Catmandoo snjógallar 5.990 kr.
Stærðir: 90-120.
Litir: Bleikur og fjólublár

Stiga snjósleði: 7.990 kr.
Til í svörtu og rauðu.

ÚTILÍF

Smáralind - Glæsibæ
Sími 545 1550 og 545 1500

dasfest líf alltaf á föstudögum

NAOMI
CAMPBELL

FOLLOW YOUR INSTINCT

Naomi Campbell ilmvötnin
fást í snyrtivöruverslunum og
apótekum um land allt